

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2024, miðvikudaginn 17. janúar var haldinn 420. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 08:10.

Mættir: Þorvaldur Daníelsson formaður, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Andri Steinn Hilmarsson Kópavogi, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Björg Fenger varamaður fyrir Bjarna Theódór Bjarnason Garðabæ. Sævar Birgisson Mosfellsbæ tekur sæti á fundinum með rafrænum hætti.

Jafnframt: Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri, Magnús Árnason forstöðumaður skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lögð fram bókun úr fundargerð 571. fundar stjórnar SSH um aðstöðu í Skálafelli.
- Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í menningar-, íþrótt- og tómstundaráði um gjaldtöku á eldri borgurum á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins. Formanni falið að svara fyrirspurninni.
- Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 12. janúar 2024 ásamt bókun á fundi öldungaráðs Reykjavíkurborgar dags. 10. janúar um gjaldtöku á 67 ára og eldri á skíðasvæðum.
- Fram fara umræður um samráð við hagsmunahópa.
- Fram fara umræður um fríkort til skíðafélaga. Sviðsstjóra og forstöðumanni falið að koma með minnisblað á næsta fund.
- Lagt fram minnisblað forstöðumanns skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 15. janúar 2024 varðandi stöðuna í fjöllum.
- Samstarfsnefnd skíðasvæðanna samþykkir að bjóða Grindvíkingum frítt á skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins veturinn 2023-2024. Sviðsstjóra og forstöðumanni falið að vinna að málinu.

Fundi slitið kl. 09:55.

Þorvaldur Daníelsson

Kristín María Thoroddsen
Sævar Birgisson
Magnús Örn Guðmundsson

Björg Fenger
Andri Steinn Hilmarsson